

Rökin fyrir tölulegum markmiðum um atvinnustig



Lars Calmfors

Prófessor emeritus í hagfræði
við Stokkhólmsháskóla

Hátt atvinnustig er mikilvægt markmið allra ríkisstjórna. Frá sjónarhóli einstaklingsins tryggir vinna hærri tekjur, en fyrir samfélagið merkir mikil virkni á vinnumarkaðnum að þörfum fleiri í samfélaginu er mætt¹. Flestir á vinnualdri finna tilgang í vinnunni einni og sér. Hátt atvinnustig leiðir einnig til félagslegrar samheldni og er nauðsynlegt til þess að fjármagna útgjöld hins opinbera í velferðarkerfum. Ein möguleg leið fyrir hið opinbera til að stefna að aukinni félagslegri velferð er að setja sér markmið um atvinnustig í stefnumótun sinni.

Aðrir þættir í hagstjórn, líkt og stöðugleiki í verðlagi eða fjármálum hins opinbera, innihalda nær alltaf töluleg markmið, á meðan markmið á vinnumarkaði eru venjulega skilgreind með almennari hætti. Þó eru til undantekningar. Á stundum hefur Svíþjóð gert tilraunir með töluleg markmið fyrir bæði atvinnustig og atvinnuleysi, auk þess sem slík markmið eru nú í gildi í Finnlandi. Í Evrópusambandinu var sett markmið um 75 prósentu atvinnuþátttöku meðal fólks á aldrinum 20-64 ára í Europe 2020², en stefnumörkunin innihélt einnig þrengri markmið fyrir hvert aðildarríki.

Í þessum pistli, sem byggir á skýrslu sem skrifuð var til sænska fjármálaráðuneytisins³, fer ég yfir rökin með og á móti tölulegum markmiðum hins opinbera um atvinnustig.

Kostir og gallar tölulegra markmiða

Verðbólgu markmið, auk markmiða í fjármálum hins opinbera, eru markmið sem



Ljósmynd: Birgir Þór Harðarson

eiga að hvetja til árangursríkra ákvarðana stjórnmalamanna, öfugt við áhrif algjörrar leyndarhyggju.

Markmiðin eru grunnur sem hægt er að meta stefnu stjórnvalda út frá. Mistakist stjórnmalamönnum að fylgja eftir þessum markmiðum gætu þeir beðið álitshnekkni sem þeir vilja líklega forðast. Sams konar rök mætti heimfæra á töluleg markmið um atvinnustig.

Það eru þó nokkrar ástæður að baki því hvers vegna ríkisstjórn gæti mistekist að halda háu atvinnustigi. Almennri efnahagsstefnu gæti verið fylgt eftir með ómarkvissum hætti, sem leiðir til þess að ríkisstjórnin fullnýti ekki framleiðsluþætti landsins. Með skilvirkari stefnu gæti það verið mögulegt að hækka atvinnustig án þess að það bitni á öðrum markmiðum í hagstjórn.

Ríkisstjórn gæti líka komist að þeirri niðurstöðu að leyndarhyggja um aðgerðir á vinnumarkaði sé kostnaðarsöm þar sem of mikil áhersla gæti þá verið lögð á aðra þætti, líkt og hugmyndafræði einstakra stjórnmalamanna eða þrýstingur frá sérhagsmunahópum. Slíkt ójafnvægi gæti útskýrt hvers vegna of mikil áhersla er oft lögð á skammtímaáhrif heldur en langtímaáhrif opinberra aðgerða. Sem dæmi koma gallar lægri bóta til atvinnulausra í ljós samstundis, á meðan kostir minna atvinnuleysis eru fjarlægari í tíma. Jákvæð áhrif aðgerða á vinnumarkaði geta einnig verið illmælanlegri heldur en neikvæðu áhrifin. Til að mynda er hægt að mæla tekjufall atvinnulausra, sem lækkuu atvinnuleysisbóta myndi leiða til, með aúvöldum hætti, á meðan erfiðara er að sýna hversu mikið atvinnuþátttakan jókst vegna

1 Verónica Escudero og Hannah Liepmann (2020). *The joint provision of active labour market policies and income support can be a powerful solution for improving workers' perspectives*. VoxEU.org

2 Sjá ESB (2020). *Europe 2020. A European Strategy for smart, sustainable and inclusive growth*. Aðgengilegt á vef Evrópusambandsins.

3 Calmfors, L (2020a). *Avgörande mål – en ESO-rapport om sysselsättningspolitiska målformuleringar*, Rapport till Expertgruppen för Studier i Offentlig Ekonomi 2020:6. Stokkhólmur.

1 Lars Calmfors skrifar um stefnu stjórnvalda á vinnumarkaði

2 Mörg rök hnega að einföldum opinberum atvinnustigsmarkmiðum

3 Jón Scheving Thorsteinsson skrifar um samþjöppun í sjávarútveginum

4 Hvað geta norsk sumarhús sagt okkur um ójöfnuð?

aðgerðarinnar. Einnig gætu stjórnáamenn greitt atkvæði gegn slíkum aðgerðum þótt þeir gætu verið fylgjandi þeim, þar sem erfitt er að sjá hverjir myndu hagnast og hverjir myndu tapa á þeim fyrir fram⁴. Þetta gæti leitt til tregðu til að breyta atvinnustefnu stjórnvalda.

Þekkt mótrök gegn tölulegum markmiðum um atvinnustig eru að þau hvetji stjórnáamenn til að ná þeim án tillits til þess hvernig þeim er náð. Þetta er lögmál Goodharts: „Þegar mælikvarði verður að markmiði hættir hann að vera góður mælikvarði⁵“. Meining hans var sú að þegar stefna stjórnvalda snýst um töluleg markmið muni hún oft glata upphaflegum tilgangi sínum.

COVID-19 kreppan hefur leitt til alvarlegrar röskunar á vinnumarkaðsaðstæðum alls staðar. Þetta eru sterk rök fyrir því að styrkja hvatann til opinberra aðgerða sem leiða aftur til aukinnar atvinnu með tölulegum markmiðum um atvinnustig.

Skilyrði fyrir atvinnustigsmarkmiðum

Töluleg markmið í opinberum fjármálum eru háð ýmsum skilyrðum, sem gert hefur verið grein fyrir áður⁶. Þessi skilyrði má líka yfirfæra á atvinnustigsmarkmið. Þau ættu að vera nógu einföld svo að fjölmiðlar og almenningur skilji þau. Þetta krefst þess að markmiðin séu vel skilgreind og gagnsæ þannig að hægt sé að sannreyna hvenær þeim er náð. Hins vegar ættu þau líka að vera nægilega sterk svo að þau þjóni tilgangi sínum. Því miður þarf oft að velja á milli einfaldleika og nákvæmni slíkra markmiða, en mikilvægt er að ná réttu jafnvægi á milli þessara tveggja skilyrða svo að þau verði trúverðug. Slíkur trúverðugleiki er einnig forsenda þess að stjórnáamenn myndu bíða álitshnekkni ef markmiðunum yrði ekki náð.

Það þarf að vera hægt að framkvæma þessi hagstjórnarmarkmið og þess vegna þurfa þau að vera raunsæ. Markmiðin ættu einnig að vera fá⁷. Mikill fjöldi markmiða dregur úr mikilvægi hvers og eins markmiðs og minnkar þar af leiðandi orðsporsáhættu stjórnáamanna sem ná þeim ekki. Einnig bjóða mörg markmið upp á möguleika stjórnvalda á að velja á milli þeirra í stað þess að stefna á þau öll.

Dæmi um möguleg markmið

Söguleg reynsla Svíþjóðar af atvinnumarkmiðum býður upp á fjölda mismunandi



Ljósmynd: Shutterstock

Það þarf að vera hægt að framkvæma hagstjórnarmarkmið og þess vegna þurfa þau að vera raunsæ

hagstjórnarmarkmiða sem hið opinbera getur sett á vinnumarkaði.

Markmið um atvinnuleysisstig er einfalt, vel skilgreint og auðvelt að sannreyna. Hins vegar er það mögulega ekki nógu sterkt ef tilgangur þess er að auka tekjur og neyslu hagkerfisins, styrkja opinber fjármál, halda uppi atvinnustigi í samfélaginu og styðja við félagslega samheldni. Á árunum 1996-2006 var í gildi 4 prósentu atvinnuleysismarkmið í Svíþjóð, ef frá voru talin vinnumarkaðsúræði á vegum ríkisins. Þetta var sérstaklega erfitt, þar sem hægt var að halda atvinnuleysisinu niðri með því að auka þátttöku í þessum úrræðum. Þátttakendurnir voru þar í raun atvinnulausir án þess að vera skráðir sem slíkir.

Á árunum 2014-2019 stefndi Svíþjóð að því að vera með lægsta heildaratvinnuleysi

allra aðildarríkja Evrópusambandsins. Höfuðvandamál þess markmiðs var að samfélagslegt tap vegna atvinnuleysis í Svíþjóð er ótengt atvinnuleysi í öðrum ríkjum. Þar að auki hafði sænska ríkisstjórnin aðeins takmarkað vald yfir þessu markmiði, þar sem það var háð efnahagsástandi annarra ríkja. Vegna þess hversu óraunhæft markmiðið var hafði það lítil áhrif á stefnumótun þar í landi.

Ef megintilgangur atvinnustefnu hins opinbera eru hærri tekjur, hærri atvinnustig eða styrkur í fjármálum hins opinbera er atvinnustigsmarkmið meira viðeigandi en markmið um atvinnuleysisstig, þar sem minni hætta er á að sú stefna brenglist. Ekki er hægt að hækka atvinnustig í hagkerfinu með óskilvirkum menntunar- og þjálfunarúræðum hins opinbera eða með lækkan eftirlaunaaldurs.

Á árunum 2006-2014 stefndi sænska ríkisstjórnin að því að hækka langtímaatvinnustigið þar í landi. Slíkt markmið er raunhæft þegar lítil atvinnuþátttaka er afleiðing óskilvirkis vinnumarkaðar eða atvinnulífs og gæti þar af leiðandi verið náð með ákveðnum kerfisbreytingum. Hins vegar er hægt að mæla langtímaatvinnustig á marga vegu og því er erfitt að sannreyna hvort framför hafi átt sér stað.

framh. á bls. 4

⁴ Fernandez, R og D Rodrik (1991). *Resistance to Reform: Status Quo Bias in the Presence of Individual-Specific Uncertainty*. *American Economic Review* 81.

⁵ Goodhart, C (1975). *Problems of Monetary Management: The UK Experience*. *Papers in Monetary Economics* 1.

⁶ Sjá G Kopits og S Symansky (1998). *Fiscal Policy Rules*. *Occasional Paper* 162. IMF, Washington; F Caselli et al. (2018). *Second-Generation Fiscal Rules: Balancing Simplicity, Flexibility, and Enforceability*. *IMF Staff Discussion Note*, April.

⁷ M Andrie et al (2015). *Reforming Fiscal Governance in the European Union*. *IMF Staff Discussion Note*, May; L Calmfors (2016). *The Roles of Fiscal Rules, Fiscal Councils and Fiscal Union in the EU*. *Routledge Handbook of the Economics of European Integration*.

MHHI stuðullinn og samþjöppun í sjávarútvegi á Íslandi



Jón Scheving Thorsteinsson
stærðfræðingur

Höfundur vann álitserð fyrir Brim hf. í september síðastliðinn¹ þar sem meðal annars var reiknuð samþjöppun² á markaði með aflahlutdeildir. Þetta var gert með því að reikna svokallan HHI stuðul³ fyrir þennan markað.

Haustið 2019 urðu breytingar í eigendahópi Brims og hefur Samkeppniseftirlitið haft til skoðunar hvort af þeim hafi hlotist breytingar á yfirráðum⁴ í Brimi.

Í þessari grein er samþjöppun í íslenskum sjávarútvegi reiknuð með því að reikna aðlagðan HHI stuðul (MHHI) sem er nákvæmari aðferð en notuð var í álitserðinni. Jafnframt eru reiknuð áhrif á samþjöppun, hafi yfirráð í Brimi á annað borð breyst. Niðurstaðan er sú sama og fram kom í álitserðinni, að samþjöppun er lítil í samkeppnislegu tilliti og að hafi yfirráð í Brimi breyst þá hafi það haft óveruleg áhrif á samþjöppun markaðarins.

HHI mælikvarðinn

Helsti mælikvarðinn til að meta samþjöppun markaða eru HHI stuðullinn. HHI stuðullinn er skilgreindur með formúlunni:

$$(1) \quad H = \sum_{i=1}^N s_i^2$$

þar sem s_i er markaðshlutdeild fyrirtækis i á markaðnum sem til umfjöllunar er. HHI mælikvarðinn nær upp í 10.000 stig og hefur mikið verið notaður við samkeppniseftirlit hérlandis sem erlendis. Hugmyndin að baki mælikvarðanum er ekki ný í vísindum og samsvorar hann til dæmis Simpson stuðlinum í vistfræði, IPR hlutfallinu í skammtafræði og þéttleikamælingum stjórnmálaflökka í stjórnmálafræði. Hann mælir samþjöppun tiltekins safns.

Með því að hefja hlutdeild markaðsaðila í annað veldi endurspeglar mælikvarðinn betur raunverulega samsetningu markaða og áhrif þeirra aðila sem stærri eru. Gjarnan er stuðst við eftirfarandi viðmiðunarmörk:

Ef H er minni en 100 ríkir mjög mikil samkeppni á markaðnum.
Ef H er undir 1.500 er markaðurinn ekki samþjappaður.
Ef H er á bilinu 1.500 til 2.500 er hófleg samþjöppun.
Ef H er yfir 2.500 bendir það til mikillar samþjöppunar.

Almennt telja samkeppnisfyrirvöld ESB að markaðir séu samþjappaðir ef HHI er hærra en 2.500 stig. Þau stöðva tiltekinn samruna á samþjöppuðum markaði ef hækkun á HHI við samruna er hærri en 150 stig. Bandarísk samkeppnisfyrirvöld stöðva oftast samruna ef HHI hækkar um meira en 250 stig⁵.

Eitthvað er um að sjávarútvegsfyrirtæki eigi hlut hvert í öðru eða starfi mjög náið saman. HHI stuðullinn sem skilgreindur var hér að

framan nær ekki utan um þessi tengsl en til að reikna áhrif þeirra er oft stuðst við aðlagða HHI stuðullinn. Hann er skilgreindur sem hér segir:

$$(2) \quad MHHI = \sum_j \sum_k s_j s_k \frac{\sum_i \gamma_{ij} \beta_{ik}}{\sum_i \gamma_{ij} \beta_{ij}} = HHI + \sum_j \sum_{k \neq j} s_j s_k \frac{\sum_i \gamma_{ij} \beta_{ik}}{\sum_i \gamma_{ij} \beta_{ij}}$$

þar sem s -in mæla markaðshlutdeild, γ -urnar mæla raunverulega hlutdeild í yfirráðum og β -urnar mæla eignarhlutdeild og/eða yfirráð. Sjaldgæft er að ytri fjárfestar eigi umtalsverða hluti í íslenskum sjávarútvegsfélögum þótt þau eigi oft hlut hvert í öðru. Ósennilegt er að þetta breytist fyrr en þeim sjávarútvegsfyrirtækjum sem skráð eru í kauphöll fjólgar.

Líkan til að reikna MHHI

Í framangreindri álitserð var lagt mat á efri mörk MHHI stuðulsins, en með þessari grein er MHHI stuðullinn reiknaður formlega. Niðurstaðan er svipuð.

Til þess að skoða samstarf og eignarhlutdeildir í sjávarútvegi var unnin tafla er lýsir eignarhaldi og samstarfi þeirra 100 aðila er hafa hæsta aflahlutdeild í þorskígilditonnum talið. Tengslum á milli félaga er lýst með stuðlinum β_{jk} . Gert er ráð fyrir því að þrenns konar tengsl⁶ geti verið á milli sjávarútvegsfyrirtækja i og j:

- 1) Engin tengsl, $\beta_{ij} = \beta_{ji} = 0$
- 2) Full yfirráð, $\beta_{ij} = \beta_{ji} = 100\%$. Svona má til dæmis lýsa tengslum Fisk Seafood ehf. og Soffanías Cecilssyni ehf.
- 3) Einstefnu yfirráð, $\beta_{ij} = \alpha$, $\beta_{ji} = 100\%$, þar sem α er eignahlutur fyrirtækis i í fyrirtæki j . Svona má til dæmis lýsa tengslum Samherja Ísland ehf. og Síldarvinnslunnar hf., $\beta_{\text{Samherji, Síldarvinnslan}} = 49,9\%$ en þetta endurspeglar að Samherji á 49,9% hlut í Síldarvinnslunni og $\beta_{\text{Síldarvinnslan, Samherji}} = 100\%$ sem endurspeglar að Síldarvinnslan hegðar sér þannig að sameiginlegur hagnaður hennar og Samherja sé sem mestur.

Með því að nota þetta má endurrita (2) þannig:

$$(3) \quad MHHI = HHI + \sum_{j,k \neq j} s_j s_k \frac{\sum_i \beta_{ij} \beta_{ik}}{\sum_i \beta_{ij}^2}$$

Síðasti liður formúlunnar er oft kallaður MHHI Δ og er hún oft sett svona fram:

$$(4) \quad MHHI = HHI + MHHI\Delta$$

Smíðað var reiknirit sem tók inn töfluna með tengslum og töflu með aflahlutdeildum og reiknaði HHI og MHHI Δ með og án breytinga á yfirráðum í Brimi.

MHHI ef yfirráð í Brimi breyttust ekki

Í þessu tilviki er β_{KG} Fiskverkun, Brim = 6% og $\beta_{Útgerðarfélag Reyjavíkur, Brim}$ = 36,0%. Þegar þetta er fært inn í líkanið fæst:

1 <https://www.brim.is/fretir/fretti/2020/09/21/Samkeppni-virk-og-litul-samthjoppun-i-sjavarutvegil?NavigationYear=2020&NavigationMonth=09>

2 Sjá 8. grein samkeppnislaga nr. 44/2005

3 Sjá dóm hæstaréttar í máli nr. 277/2012

4 Sjá 17. grein samkeppnislaga

5 Sjá greinar Gylfa Magnússonar í Vísbendingu í nóvember 2019

6 Sjá t.d. Salop, Steven C. and Daniel P. O'Brien (2000). "Competitive Effects of Partial Ownership: Financial Interests and Corporate Control," *Antitrust Law Journal* 67, bls. 559- 614. Einkum bls. 604-614. Skilgreining á einstefnuyfyriráðum er á 583. bls.

| | |
|--------------|------------|
| <i>HHI</i> | <u>385</u> |
| <i>MHHIΔ</i> | <u>165</u> |
| <i>MHHI</i> | <u>551</u> |

MHHI ef yfírráð í Brimi breyttust

Í þessu tilvikum er $\beta_{KG \text{ Fiskverkun, Brim}} = \beta_{\text{Útgerðartélag Reyjavíkur, Brim}} = 100\%$ þar sem öll félögin væri flokkuð sem sami aðili⁴. Þegar þetta er fært inn í líkanið fæst:

| | |
|--------------|------------|
| <i>HHI</i> | <u>385</u> |
| <i>MHHIΔ</i> | <u>222</u> |
| <i>MHHI</i> | <u>607</u> |

Í báðum þessum tilvikum má sjá að markaðurinn er ekki samþjappaður. Hafi breyting á yfírráðum átt sér stað nemur hækkun á HHI stuðlinum 56 sem er óveruleg breyting á samþjöppun markaðarins með aflahlutdeildir. [V](#)

framh. af bls. 2

Að lokum gætu stjórnvöld sett sér markmið um ákveðinn fjölda vinnutíma á hvern einstakling. Slíkt markmið er ekki einungis háð atvinnustigi heldur miðast það einnig við vinnuframlag hvers vinnandi einstaklings. Þetta er einfalt og auðmælanlegt markmið. Það er meira viðeigandi en atvinnustigsmarkmið ef megintilgangurinn er að stuðla að heilbrigðum ríkissjóði, sem er tengdari vinnutímafjöldi en fjöldi þeirra sem eru í vinnu. Hins vegar er gallinn sá að breytingar í atvinnuþátttöku væru metnar til jafns við að hver vinnandi maður jyki vinnuframlag sitt, jafnvel þótt þessar breytingar hafi mismunandi áhrif á velferð í samfélaginu.

Tillögur að atvinnustigsmarkmiðum Ég legg til tvö atvinnustigsmarkmið fyrir Svíþjóð. Hið fyrri væri markmið um atvinnustig þeirra sem eru á aldrinum 20-68 ára, þar sem frekar ætti að hvetja til skólagöngu þeirra sem eru yngri og atvinnutryggingar ná ekki til fólks yfir 68 ára aldri. Seinna markmiðið snýr að heildarfjölda árlegra vinnustunda þeirra sem eru starfandi, en megintilgangur þess væri að styðja við heilbrigðan rekstur ríkissjóðs.

Vandamálið við atvinnustigsmarkmið er að atvinna er skilgreind með víðum hætti í vinnumarkaðskönnunum, en einstaklingur er skráður þátttakandi á vinnumarkaði þótt hann skili aðeins einnar klukkustundar vinnuframlagi þar. Hugsanlega væri þengri skilgreining á atvinnu einnig til bóta, þannig að einstaklingur þyrfti að hafa lágmarkstekjur til að teljast vera þátttakandi á vinnumarkaðnum. Hægt væri að safna upplýsingum

um slíkar hagtölur í Svíþjóð, þar sem vinnuveitendur þyrftu að skila skattayfirvöldum mánaðarlegum tölum um launagreiðslur til hvers starfsmanns.

Með meginmarkmiðunum ættu einnig að fylgja nokkur viðbótarmarkmið sem tengjast kerfislegri atvinnuþátttöku, til að mynda langtímaatvinnuleysi og muninum á atvinnuþátttöku innfæddra annars vegar og þeirra sem fæddir eru erlendis hins vegar.

Þar að auki ættu greiningar á margvíslegum víddum á vinnumarkaði að fylgja þessum tölulegu markmiðum til þess að ganga úr skugga um að tilraunir til að halda uppi atvinnustigi brengli ekki stefnuna sjálfa. Fjármálaráðuneytið og Fjármálaráð Svíþjóðar, sem er eftirlitsaðili í opinberum fjármálum, gætu framkvæmt þessar greiningar, en báðir aðilar greina stöðuna á vinnumarkaði reglulega nú þegar⁸.

Öll þróuð hagkerfi munu þurfa að þola vandamál á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum í kjölfar COVID-19 kreppunnar. Þar af leiðandi gætu töluleg atvinnustigsmarkmið haft veigamikil hlutverk í mörgum löndum. Þau gætu stuðlað að stöðugleika í rekstri ríkissjóðs, auk þess sem þau gætu dregið úr hættunni á að viðbragðsaðgerðir leiði til samdráttar. Á sama tíma gætu þessi markmið stutt við þessar aðgerðir með því að hvetja til herra atvinnustigs til langs tíma. [V](#)

Greinin birtist fyrst á ensku á vefnum VoxEU.org og var þýdd yfir á íslensku með leyfi höfundar.

⁸ Fiscal Policy Council (2020). *Swedish Fiscal Policy*. Stockholm; L Calmfors (2020). *Fiscal Sustainability and Fiscal Frameworks in the Nordics*. Nordic Council of Ministers.

Hyttubólan

Mikil virkni á fasteignamarkaðnum á Íslandi á síðustu mánuðum hefur vakið verðskuldaða athygli, sérstaklega í ljósi mikils samdráttar annars staðar í efnahagslífinu og ört hækkandi atvinnuleysis.

Þróunin virðist svipuð í öðrum löndum, en Norðmenn hafa klórað sér í kollinum yfir miklum fjölda þinglýsinga þar í landi miðað við síðustu ár, þrátt fyrir að efnahagsástandið þar sé ekki upp á sitt besta.

Virknin er sérstaklega mikil á markaðnum fyrir norsk sumarhús, eða „hyttur“, sem eru dreifðar um landið. Samkvæmt umfjöllun norska viðskiptablaðsins Dagens Næringsliv eru hyttusalar þar í landi hæstánægðir með síðustu mánuði, en nú þegar hafa öll fyrri met verið slegin í árlegum kaupum á hyttum þrátt fyrir að tveir mánuðir séu eftir af árinu.

Ástædan fyrir þessari hyttubólu er nákvæmlega sú sama og ástædan fyrir fjölgun kaupsamninga hérlendis, þ.e. miklar vaxtalækkningar Seðlabankans og takmarkaðar leiðir til að nýta peninga með öðrum hætti.

Á meðan stýrivextir hafa lækkað úr 3,5 prósentum niður í 1 prósent hér á landi lækkuðu þeir úr 1,5 prósentum niður í núll í Noregi í ár. Samhliða því hefur kaupmáttur aukist á meðal þeirra sem ekki biðu mikinn efnahagslegan skaða vegna útbreiðslu kórónuveirunnar, en ferðatakmarkanir hafa gert þeim erfiðara fyrir að verja þeim fjármunum erlendis. Því hefur þessi peningur leitað í auknum mæli í öruggari fjárfestingar, meðal annars á fasteignamarkaðnum. Blaðamenn hjá Dagens Næringsliv kalla ástandið kórónugóðærið, eða „Koronaboom“.

Þrátt fyrir að ánægjulegt gæti verið að sjá grænar tölur í miðri efnahagskreppu bendir hyttubólan til þess að ójfnuður sé að aukast til muna vegna veirunnar. Á meðan starfsfólki í þjónustugreinum er sagt upp hefur kaupmáttur hinna efnameiri haldist.

Aðgerðir seðlabanka Íslands og Noregs virðast svo hafa aukið enn á kaupmátt hinna efnameiri, en óvíst er hvort þær hafi hjálpað þeim sem verst hafa orðið fyrir kreppunni. Allavega er ósennilegt að þeir sem misstu vinnuna hafi keypt mikið af hyttum í ár.

Ritstjóri: Jónas Atli Gunnarsson
Ábyrgðarmaður: Eyrún Magnúsdóttir
Útgefandi: Kjarninn miðlar ehf.,
Fiskislóð 31 B, 101 Reykjavík
Sími: 551 0708 Netfang: visbending@kjarninn.is
Prentun: Kjarninn
Öll réttindi áskilin.
© Ritid má ekki afrita án leyfis útgefanda.